

Föstudaginn 16. október 1936.

Nr. 82/1935. **Vilhjálmur Hjartarson f. h. eigenda e/s „Urd“ og G. E. Sundberg skipstjóra** (Th. B. Lindal)

gegn

Guðmundi Hannessyni f. h. hafnar-sjóðs Siglufjarðar og gagnsök.

(Einar B. Guðmundsson).

Bætur dæmdar fyrir skemmdir, sem skip olli á hafnarbryggju.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 30. ágúst 1934: Stefnur, Vilhjálmur Hjartarson fyrir hönd skipsins „Urd“ frá Göteborg og skipstjóra þess G. Sundberg, greiði G. Hannessyni f. h. hafnarsjóðs Siglufjarðar kr. 11620.00 ásamt kostnaði við undir- og yfirmat kr. 383.60 með 6% ársvöxtum af upphæðum þessum frá útgáfudegi stefnu, 5. febr. 1934, og 300 krónur í málskostnað.

Umboðsmaður stefnda, Böðvar Bjarkan, greiði 30 króna sekt, 15 krónur í rikissjóð og 15 krónur í fátækra-sjóð Siglufjarðar, fyrir ósæmilegan rithátt, og skulu hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk.

Stefnandi, Guðmundur Hannesson, greiði 10 króna sekt, 5 krónur í rikissjóð og 5 krónur í fátækra-sjóð Siglufjarðar, fyrir ósæmilegan rithátt, og skulu hin átöldu ummæli vera dauð og ómerk.

Hið idæmda að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. ágúst 1935, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 28. s. m., og hefir hann krafizt þess *aðallega*, að málsmeðferð í héraði og dómur verði dæmd ómerk og að málinu verði vísað heim til löglegri meðferðar og dómsálagningar af nýju, og

málskostnaðar fyrir hæstarétti. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi sýknu að öllu leyti og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. *Til þrautavara* krefst hann niðurfærslu á hinni dæmdu upphæð og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Varnaraðili hefir og, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. ágúst 1935, gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 12. sept. s. á., og hefir hann krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, þó með þeim breytingum, að matskostnaður sá, er í dómnum greinir, verði hækkaður upp í kr. 985.60, og að niður verði felld sekt sú, er í héraðsdómnum er dæmd á hendur Guðmundi bæjarfógeta Hannessyni og ákvæði dómsins um ómerkingu nokkurra ummæla hans í flutningi málsins í héraði. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í hæstarétti.

Í flutningi málsins í héraði voru umboðsmenn aðilja sammála um það, að e/s „Urd“ hefði legið við *austurhlið* bryggjunnar þann 8. október 1933, meðan á affermingu stóð, og að skipstjóri hefði flutt skipið að *norðurhlið* hennar um kvöldið sama dag. Og á þessari skýrslu þeirra um staðreyndir byggir héraðsdómarinn. En skipstjóri hefir þann 21. júní 1935 gefið út skýrslu, þar sem hann kveður skipið hafa legið við *norðurhlið* bryggjunnar allan daginn 8. okt. 1933 og ekki verið þaðan flutt þann dag, því að hafnarvörður hafi bannað það, en þar á móti boðið honum að flytja skipið út á höfnina, er hafi verið ómögulegt vegna ofviðris. Vegna þessa ósamræmis milli yfirlýsinga málflytjenda í héraði og skýrslu skipstjórans og vegna þess að héraðsdómurinn muni því hvíla á röngum skýrslum um staðreyndir, telur aðaláfrýjandi, að ómerkja eigi málsmeðferð og dóm og visa málinu

heim. Umboðsmaður aðaláfrýjanda, Vilhjálmur Hjartarson, var á staðnum, þegar atvik þessa máls gerðust þann 8.—10. okt. 1933, var skipstjóra til aðstoðar og hafði í hvívetna aðstöðu til þess að fylgjast með öllu, er legu skipsins varðaði. Og lög-lærður maður, Böðvar Bjarkan, flutti málið í héraði af hendi aðaláfrýjanda. Hafði héraðsdómarinn því ekki ástæðu til að leiðbeina málflytjanda, en sú ein ástæða, að leiðbeiningaskylda hefði verið vanrækt, gæti í þessu sambandi réttlætt ómerkingar- og heimvísunarkröfu aðaláfrýjanda. Þar sem engri slikri vanrækslu er til að dreifa, þá verður ómerkingar- og heimvísunarkrafan ekki tekin til greina.

Skýrsla skipstjórans áður nefnd, sem er aðilja-skýrsla utanréttar útgefin og undirrituð nær 21 mánuði eftir að atvikin gerðust, getur ekki hnekt þeirri skýrslu um sömu staðreyndir, sem áður nefndur umboðsmaður skipseigenda og skipstjóra gaf fyrir dómi í héraði, með því að umboðsmaðurinn hafði, eins og fyrr segir, aðstöðu til að fylgjast með því, er gerðist um legu skipsins. Skýrsla skipstjórans verður því þýðingarlaus um úrslit málsins. Og með því að skipið lá í óleyfi hafnarvarðar við bryggjuna frá kveldi 8. okt. 1933 til 10 s. m., er spjöllin urðu, enda þótt ætla megi, að unnt hefði verið að flytja það út á höfnina, verður þegar af þessari ástæðu að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómarans, að ábyrgð á bryggjuspjöllunum verði að lenda á skipinu, og verður varakrafa aðaláfrýjanda því ekki tekin til greina.

Þrauta-varakröfu sína byggir aðaláfrýjandi á því, að bætur þær, kr. 11620.00, er ákveðnar voru með yfirmatinu 8. nóv. 1933, séu mikils til of háar,

enda hafi yfirmatsmennirnir metið aðrar og meiri skemmdir á bryggjunni en þær, er getað hafi orðið af völdum e/s „Urd“, sem sé einnig skemmdir á *austurkanti* bryggjunnar, er ekki hafi verið e/s „Urd“, er þá hafi legið við *norðurkantinn*, að kenna. Í héraði var þessari mótbáru gegn yfirmatinu ekki hreyft, enda þótt brýn ástæða og fullur möguleiki hefði verið til, ef mótbára þessi væri á rökum byggð, og verður því ekki nú gegn mótmælum gagnáfrýjanda tekið nokkurt tillit til hennar. Og með því að ekki liggja fyrir upplýsingar, er af verði ráðið, að yfirmatið sé rangt, þá verður að staðfesta niðurstöðu héraðsdómarans um upphæð skaðabótanna.

Aðaláfrýjandi hefir loks krafizt þess, að kostnaður af yfirmati og undirmati verði, enda þótt hann yrði ekki sýknaður af skaðabótakröfunni, færður niður í kr. 203.60, eins og krafizt hafði verið í héraði. Gagnáfrýjandi hefir hinsvegar krafizt hækkunar á þeirri upphæð frá því, sem hún er sett í héraðsdóminum, og í samræmi við kröfu gagnáfrýjanda um það atriði í héraði. Matskostnaður þessi er sundurliðaður þannig:

- | | |
|--|------------|
| 1. Til matsmanna 3, kr. 50 hverjum .. | kr. 150.00 |
| 2. Til yfirmatsmanna 5, kr. 100 hverjum — | 500.00 |
| 3. Réttargjöld og eftirlit alls | — 85.60 |
| 4. Þóknun gagnáfrýjanda fyrir mót
við mat | — 50.00 |
| 5. Þóknun sama fyrir mót við við yfirmat — | 200.00 |

Samtals kr. 985.60

Af 4. og 5. lið verður hliðsjón höfð, er málskostnaður í héraði verður ákveðinn, og er þá hér aðeins að ræða um ágreining um 1. og 2. lið. Við mats-

gerðir slíkar sem í þessu máli greinir þykja ákvæði 6. gr. laga nr. 64/1917 eigi geta átt, enda hefir lögjafinn vikið frá reglum nefndrar greinar um matsgerðir svipaðrar tegundar, sjá 9. gr. laga nr. 61/1917. Þóknun sú, er matsmenn og yfirmatsmenn í þessu máli hafa sett upp, þykir ekki verða talin ósanngjörn eftir því sem verki þeirra var hátt að, og verður því að dæma aðaláfrýjanda til að að greiða umkrafða þóknun fyrir matsstörf, kr. 650.00, auk kr. 85.60 í réttargjöld og eftirrit, eða samtals kr. 735.60. Samkvæmt framansögðu verður því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 11620.00 + kr. 735.60 = kr. 12355.60 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 14. febr. 1934, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 500.00 kr. í málskostnað í héraði og 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Kröfu gagnáfrýjanda um niðurfall sektar á hendur Guðmundi bæjarfógeta Hannessyni er eigi unnt að taka til greina, með því að héraðsdóminum hefir eigi að þessu leyti verið áfrýjað. En sekt þá, er dæmd er á hendur Guðmundi Hannessyni, ber honum að afplána með 2 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. En sekt sína samkvæmt héraðsdóminum afpláni Böðvar Bjarkan með 3 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan áðurnefnds tíma.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Vilhjálmur Hjartarson f. h. eigenda e/s „Urd“ og G. E. Sundberg skip-

stjóra, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Hannessyni f. h. hafnarsjóðs Siglufjarðar, kr. 12355.60 með 5% ársvöxtum frá 14. febr. 1934 til greiðsludags, og 500 krónur í málskostnað í héraði og 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Ákvæði dómsins um sekt og ómerkingu þar greindra ummæla eiga að vera óröskuð, en sekt á hendur Guðmundi Hannessyni og Böðvari Bjarkan afplánist með 2 daga einföldu fangelsi að því er Guðmund varðar og með 3 daga einföldu fangelsi að því er Böðvar varðar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Aðfaranótt hins 9. október s. l. og í ófæru veðri lá skipið „Urd“ frá Göteborg, skipstjóri G. Sundberg, við norðurhlíð hafnarbryggju Siglufjarðar, með þeim afleiðingum, skv. viðurkenningu skipstjóra G. Sundberg, að skemmdir urðu á bryggjunni. Voru samdægurs útnefndir undirmatsmenn til að virða skaðann og meta þeir skaðann á kr. 6900.00. Vill hafnarnefnd Siglufjarðar f. h. hafnarsjóðs Siglufjarðar eigi hlita undirmatinu og krefst yfirmats, og 6. nóv. s. l. eru útnefndir yfirmatsmenn, er meta umræddar skemmdir á hafnarbryggjunni á kr. 11620.00. Skipstjóri G. Sundberg á g/s. „Urd“ hefir samþykkt að svara til saka útaf skemmdunum fyrir aukarétti Siglufjarðarkaupstaðar og veitti Vilhjálmí Hjartarsyni, Siglufirði, ótakmarkað umboð til þess að taka á móti stefnu og öðrum birtingum hafnarnefndar og til þess að skuldbinda skip og útgerð þess í sinn stað.

Með stefnu dags. 14. febr. þ. á. og að undangenginni árangurslausri sáttatilaun krafðist svo stefnandi, G. Hannesson fyrir hönd hafnarsjóðs Siglufjarðar, að stefndur, Vilhjálmur Hjartarson fyrir hönd skipsins „Urd“ frá Göteborg og skipstjóra þess, G. Sundberg, verði dæmdur til að greiða skemmdir þær, er urðu af völdum téðs skips á hafnarbryggju hafnarsjóðs Siglufjarðar aðfaranótt 9. október 1933, samkvæmt framförnu yfirmati, með kr. 11620.00 auk matskostnaðar við undirmat með 213 krónum og yfirmat með kr. 772.60, svo og 5% vaxta af dómkröfunni frá 5. febr. 1934 og málskostnað að skaðlausu, sem af stefnanda er í máflutningnum ákveðinn 300 krónur.

Undir flutningi málsins hefir máfl.m. stefnda mótmælt því, að skipið sé skaðabótaskyldt, og haldið því fram, að það hafi verið með vilja og vitund hafnarvarðar, að skipið var við bryggjuna umrædda nótt, og ennfremur haldið því fram, að „vis major“ hafi hindrað skipstjórann í því að fara frá bryggjunni. Krefst hann algerðrar sýknu og málskostnaðargreiðslu sem aðalkröfu, en til vara krefst hann, að skaðabótakrafan verði færð niður í kr. 6900.00 svo sem undirmatið er, og ennfremur, að undirmatskostnaðurinn verði færður niður um kr. 162 og að yfirmatskostnaðurinn verði færður niður um kr. 640.50, er hann svo síðar hefir breytt í kr. 618.40.

Það er viðurkennt í málinu af skipstjóra G. Sundberg á g/s. „Urd“, að kl. 4 síðdegis þann 8. október 1933 hafði skipið lokið við að losa allar vörur, er það hafði meðferðis, og ennfremur er það viðurkennt af stefnda, Vilhjálmi Hjartarsyni, umboðsmanni skipstjóra í máli þessu, að hann síðar sama dag var sendur frá skipstjóra g/s. „Urd“ til hafnarvarðar, sem lá rúmfastur, til að biðja um leyfi hans til þess að mega láta skipið „Urd“ liggja áfram við bryggjuna um nóttina, meðal annars af þeirri ástæðu að veðurútlit væri illt. Sömu leiðis er það og viðurkennt í réttinum af stefnda, Vilhjálmi Hjartarsyni, að hann hafi tilkynnt skipstjóra, G. Sundberg, neitun hafnarvarðar á beiðni hans um að fá að liggja áfram við bryggjuna með skip sitt.

Þar er og viðurkennt af málsaðiljum í málinu, að meðan á losun skipsins stóð, lá g/s. „Urd“ við austurhlið hafnarbryggjunnar, og að skipstjóri þess hafi að kvöldi þess 8. okt. 1933, þrátt fyrir neitun hafnarvarðar um leyfi til að

liggja við hafnarbryggjuna, fært skipið frá austurhlið bryggjunnar á norðurhlið hennar, og það jafnvel þótt hann viðurkenni í dagbókarbókun sinni, að norðaustan-stórviðri með stórsjó væri í aðsigi.

Samkvæmt hafnarreglugerð Siglufjarðarkaupstaðar þarf leyfi hafnarvarðar til þess að skip megi liggja við hafnarbryggjuna.

Skipstjóri g/s. „Urd“, G. Sundberg, hefir því þrátt fyrir neitun hafnarvarðar, og í vaxandi norðaustan sjó og vindi, eigi aðeins legið við bryggjuna, er hann sem góður og gegn skipstjóri átti að sjá að hætta var búin, bæði skipi og bryggju, við að liggja við bryggjuna og á sama tíma, sem honum átti að vera jafnauðvelt að fara með skip sitt frá hafnarbryggjunni, flutt skip sitt á norðurhlið bryggjunnar, sem er í þessu falli vindhlið bryggjunnar, og verður því að líta svo á, að skipstjóri, G. Sundberg, hafi með þessum ráðstöfunum sínum, gerðum ofan í bann hafnarvarðar, orðið valdur að skaða þeim, er skip hans gerði á hafnarbryggju Siglufjarðar, á þann hátt, er geri hann og skip hans skaðabótaskyld gagnvart hafnarsjóði Siglufjarðar, og beri því að bæta hafnarsjóði skaða þann, er hann hefir hlotið við áðurgreindar ráðstafanir hans sem skipstjóra á g/s. „Urd“.

Upphæð bóta þeirra, sem hafnarsjóði Siglufjarðar ber fyrir skemmdir á hafnarbryggjunni, hefir endanlega verið ákveðin með mati dómkvaddra óvilhallra yfirmatsmanna, er hafa staðfest mat sitt fyrir rétti, og þar eð ekkert hefir fram komið, er rýrt geti gildi niðurstöðu þeirrar, er þeir hafa komið að, verður að leggja upphæð yfirmatsins, kr. 11620.00, til grundvallar fyrir skaðabótagreiddslu stefnda. Svo ber og að taka til greina aðrar kröfur stefnanda samkvæmt stefnu, svo sem vaxtakröfu hans og málskostnaðarkröfu.

Hvað snertir kröfu stefnanda um kr. 213.00 vegna kostnaðar við undirmat og kr. 772.60 vegna kostnaðar við yfirmat á bryggjuskemmdunum, þá verður samkvæmt kröfu umboðsm. stefnds að lækka þær upphæðir á þeim kostnaðarliðum, er L. 64/1917 taka til, eða undirmatsupphæðina um kr. 132.00 niður í kr. 81.00 og yfirmatsupphæðina um kr. 470.00 niður í kr. 302.60.

Undir flutningi málsins hefir stefnandi krafizt, að mál-

flytjandi stefnds, Böðvar Bjarkan, verði sektaður fyrir orðin á rskj. 7 „býst ég við, að stefnanda eða hafnarnefnd Siglufjarðar hafi þótt matsmennirnir inna af höndum það betra starf en undirmatsmennirnir, að þeir væru vel að því komnir að fá einskonar verðlaun, kr. 94.00, í hlut fram yfir lögboðinn taxa“, og hin tilfærðu orð dæmd dauð og ómerk. Þótt rétturinn vegna skýlausra fyrirmæla l. 64/1917 hafi orðið að færa þóknun matsmanna niður frá því, sem reikningur þeirra hljóðar á, og þeim hafi verið greidd þau, þá litur rétturinn svo á, að yfirmatsmennirnir, og jafnvel undirmatsmennirnir, sem allir eru sérfróðir menn, hver á sinu sviði, eigi, samkvæmt því sem matsfyrirhöfn þeirra hefir verið lýst í málflutningnum, meira fyrir starfa sinn við matið en hægt er að tildæma, þegar krafa kemur fram um það, að þeim sé skömmtuð greiðslan fyrir matsstörfin eftir l. 64/1917, og litur rétturinn því svo á, að í hinum tilfærðu orðum í því sambandi sem þau standa í vörninni á rskj. 7, felist meiðandi aðdróttun til þeirra, sem þeim er beint til, og virðist því réttmætt að sekta umboðsmann stefnda, Böðvar Bjarkan, fyrir ummæli þessi, og telst sektin hæfilega ákveðin 20 krónur, er greiðist með 10 krónum til rikissjóðs og 10 krónum í fátækra sjóð Siglufjarðar. Hin tilfærðu ummæli skulu og vera dæmd dauð og ómerk. Ennfremur hefir stefnandi undir flutningi málsins krafizt þess, að málflytjandi stefnds, Böðvar Bjarkan, verði sektaður fyrir orðin á rskj. 11 „á lævislegan hátt“ og orðið „lævislega“ dæmt dautt og ómerkt. Þar sem eigi verður fallizt á að skrif stefnanda hafi gefið tilefni til þessa orðalags, og orðið í sjálfu sér móðgandi, verður samkvæmt kröfu stefnanda að sekta fyrir það og þykir sektin hæfilega metin á 10 krónur, 5 kr. til rikissjóðs og 5 kr. til fátækra sjóðs Siglufjarðar, auk þess að orðið „lævislega“ skal dæmt dautt og ómerkt.

Umboðsmaður stefnda hefir og krafizt sekta fyrir ummæli stefnanda, G. Hannessonar, á rskj. 9. „Hin mesta ósvinna“ og „óheyrð frekja“, sem viðhöfð eru í sambandi við málflutning umboðsm. stefnda í málinu. Rétturinn telur ummæli þessi meiðandi og refsiverð og þykir sekt fyrir þau hæfilega metin 10 krónur, 5 krónur til rikissjóðs og 5 krónur til fátækra sjóðs Siglufjarðar, og skulu hin tilfærðu orð dæmd dauð og ómerk.